

Nr. 16

15. júní 1998

## AUGLÝSING

### um fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós.

Hinn 4. júní 1998 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og konungsríkisins Marokkós sem gerður var í Genf 19. júní 1997. Alþingi hafði með ályktun 22. apríl 1998 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 15. júní 1998.*

**Haldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*